

Borgarbyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 9. maí 2018
UST201803-034/K.S.J.
10.04.02

**Efni: Lýsing. Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Breyting – í landi
Bjargslands II**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 á svæði Bjargslands II í Borgarnesi. Tillagan felur í sér breytt landnotkun og breytt gatnakerfi í Bjargslandi II, svæði 1.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er um 7 ha að stærð. Einnig kemur fram að óbyggð svæði minnka um 9.200 m².

Áhrif breytingar á samfélag og umhverfi

Í umfjöllun um áhrif á samfélag og umhverfi er fjallað um áhrif á náttúrufar og samfélag. Umhverfisstofnun bendir á að íbúðagatan Fjóluklettur fer næri sjávarströndu og virðist húsið sem þegar er byggt og er nr. 18 vera 48 metra frá ströndinni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að byggingarreitir verði ekki nær ströndinni en svo að aðgengi almennings verði meðfram ströndinni, og minnir stofnunin á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14 *Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirkleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“*


Umhverfisstofnun bendir á að einnig þarf að gæta að aðkomu almennings meðfram ám, sjó og vötnum skv. 26. gr. laga nr. 60/2013 kemur fram að: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar fór um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“


Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þess verði gætt að útvistarmöguleikar meðfram sjónum skerðist ekki við þær breytingar sem áætlaðar eru.

Að öðru leyti gerir stofnun ekki athugasemd við lýsingu tillögu að breytingu á skipulagi svæðis fyrir verslun og þjónustu og svæðis fyrir íbúðabyggð í Bjargslandi II, í Borgarnesi.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfullst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur